



## 99. Héraðsþing UMSK

Haldið fimmtudaginn 30.mars 2023 í Golfklúbbnum Oddi kl.18:00

### 1. Þingsetning.

Kári H. Sölmundarson, formaður Odds bauð gesti velkomna og fór yfir það sem framundan er hjá Golfklúbbnum. Kári kallaði Guðmundur G. Sigurbergsson, formann UMSK, í pontu sem síðan setti þingið.

### 2. Kosning þingforseta.

Formaður lagði fram tillögu um Kristján Sveinbjörnsson, fyrrum formann UMSK, sem þingforseta og var hún samþykkt. Kristján fór yfir lögmati fundarins en til hans hafði verið boðað með löglegum hætti.

### 3. Kosning þingritara.

Formaður lagði fram tillögu um Höllu Garðarsdóttur, ritara stjórnar UMSK, sem þingritari og var hún samþykkt.

### 4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.

Þingforseti bar upp tillögu um Eystein Pétur Lárusson, Hönnu Cörlu Jóhannsdóttur og Birnu Kristínu Jónsdóttir í kjörbréfanefnd og var hún samþykkt.

### 5. Skýrsla stjórnar lögð fram.

Guðmundur G. Sigurbergsson formaður UMSK fór yfir skýrslu stjórnar sem finna má á bls. 5 í ársskýrslu fyrir árið 2022.

### 6. Ársreikningur áritaður af stjórn og skoðunarmönnum lagður fram.

Þorsteinn Þorbergsson, gjaldkeri stjórnar UMSK, fór yfir endurskoðaðan ársreikning sambandsins. Ársreikningurinn er á bls 38-42 í ársskýrslu UMSK. Nefndi hann m.a. að góðar tekjur af Lottó sem skiluðu sér til sambandsins á liðnu ári. Venjan er að gera þessar tekjur, af Lottó, upp til aðildarféлага sambandsins í janúar/febrúar, en að þessu sinni var miðað við áramót. Hann fór einnig yfir að eigið fé sjóða er töluvert m.a. vegna lítillar ásóknar í Covid. Vakti hann athygli á því að færður er nettókostnaður vegna mótahalda sambandsins.

Þingforseti bar ársreikninginn upp til samþykktar og var hann samþykktur.

## 7. Ávörp gesta.

### **Björg Fenger, formaður bæjarráðs Garðabæjar**

Björg bauð fundarmenn velkomna í Garðabæ. Hún fór yfir hversu vel Garðabær hefur staðið að baki íþróttastarfi í bænum ekki eingöngu með fjárframlögum heldur einnig með því að útvega góða aðstöðu. Hún nefndi í því sambandi Miðgarð, sem er fjölnota íþróttahús og eins Golfklúbbinn Odd sem sér fram á stækkun á næstu árum. Garðabær gefur sig út fyrir að vera íþróttabær og bæjaryfirvöld hafa alltaf verið meðvituð um mikilvægi íþróttafélaga í heilsueflingu og forvarnarstarfi. Einnig hefur árangur á íþróttavellinum heilmikil áhrif á bæjarbraginn. Björg fór yfir hversu mikilvægt það sé að þjálfarar leiðtoga og fyrirlíða og segir frá verkefninu Stelpur skína, sem er miðað sérstaklega að því. Björg lagði áherslu á hversu mikilvægt það er að allir geti fundið sinn farveg í íþróttastarfi og eins að bæjaryfirvöld styðji áfram við félögin. Hún óskaði UMSK til hamingju með þingið.

### **Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ**

Jóhann Steinar óskaði UMSK til hamingju með ársskýrsluna sem lýsir kröftugu starfi. Hann sagði frá því að verið sé að endurskoða skiptingu íþróttahéraðanna og þ.a.l. skiptingu Lottótekna, en þeir fjármunir skipta afskaplega miklu máli í starfi félaganna. Síðasta ár var tími breytinga hjá UMFÍ, húsnæði þjónustumiðstöðvar sambandsins var selt og nú er starfsemin komin á Engjaveg á sama stað og stór hluti íþróttahreyfingarinnar. Jóhann Steinar greindi frá því að Íþróttabandalag Hafnarfjarðar er nú aðili að UMFÍ, sem þýðir að nú eru öll íþróttafélög á höfuðborgarsvæðinu komin undir hatt sambandsins. Einnig sagði hann frá því að hætt hafi verið með starfsemi ungmennabúðanna á Laugarvatni vegna myglu í húsnæði. Mikil þörf er á þjónustunni sem að búðirnar veittu og greindi hann frá því að árlega koma t.a.m. í kringum 4000 börn í búðirnar á Reyki til að læra að hafa heilbrigðan lífstíl að leiðarljósi.

Jóhann Steinar greinir frá nokkrum atburðum ársins t.d. Landsmóti UMFÍ 50+ í Stykkishólmi, Unglingalandsmótinu á Sauðárkróki, Drulluhlaupinu og hvetur hann jafnframt fundargesti til að kynna sér starfið enn frekar.

UMFÍ veitti eftirfarandi viðurkenningar:

#### **Starfsmerki UMFÍ**

Bjarni Torfi Álfþórsson, Gróttu  
Geirarður Long, Afturelding  
Halla Garðarsdóttir, Breiðablik  
Sesselja Hannele Jarvela, Gróttu

#### **Gullmerki UMFÍ**

Guðmundur G. Sigurbergsson

## **ÍSÍ, Hafsteinn Pálsson**

Hafsteinn flytur kveðjur frá forseta ÍSÍ, framkvæmdastjóra, stjórnar og starfsfólks til UMSK. Hafsteinn fór yfir að viðfangsefnin innan hreyfingarinnar eru mörg. Sjálfboðaliðar og hvernig við fáum þá að borðinu sé eitthvað sem öll félög eru að glíma við. Lykillinn er að sýnin sé skýr, hver verkefni séu og að ánægja fylgi þátttöku. Hafsteinn hvatti fundargesti til að nýta sér þjónustu samskiptaráðgjafi ÍSÍ, ef upp koma mál, en upplýsingar um hann eiga að vera á heimasíðu ÍSÍ, UMFÍ og UMSK. Hafsteinn greindi frá því að undirbúningur sé í fullum gangi fyrir ÍSÍ þing sem haldið verði í vor. Hann fór yfir nauðsyn þess að standa vörð um Lottó og Íslenska getspá þar sem mikil samkeppni sé komin við erlenda aðila um tekjur. Hann hvatti félögin til að sinna getraunastarfi ef þau eru ekki þegar að gera það. Hann óskar þess að íþróttastarf í héraði megi blómstra sem aldrei fyrr.

ÍSÍ veitti eftirfarandi viðurkenningar:

### **Silfurmerki ÍSÍ**

Ása Dagný Gunnarsdóttir, Afturelding

Einar Tómasson, HK

Hólmfríður Kristjánsdóttir, HK

Jóhann Þór Jónsson, Breiðablik

Kristján Guðlaugsson, Grótta

### **Gullmerki ÍSÍ**

Einar Kristján Jónsson, Breiðablik

Lárus Brynjar Lárusson, Grótta

Þorsteinn Þorbergsson, Stjarnan

### **Fyrirmyndarfélag ÍSÍ**

Golfklúbburinn Oddur

## **8. Álit kjörbréfanefndar.**

Eysteinn Pétur Lárusson fulltrúi kjörbréfanefndar, las upp félögin til að staðfesta fjölda þingfulltrúa en 16 félög sendu samtals 61 þingfulltrúa.

Álit kjörbréfanefndar var samþykkt.

## **9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.**

Siglingaklúbburinn Vogur í Garðabæ

Krummar, BMX racing

Þorlákur

Kraftlyftingarfélag Seltjarnarness – Zetorar

Pílukastfélag Kópavogs

Garðabær Jökla krikketklúbbur

Krikketklúbbur Kópavogs

Einherjar  
Hnefaleikafélagið Bógatýr  
Fulltrúar allra félaga utan Þorláks mættu og gerðu grein fyrir starfi sínu.  
Aðild allra félaganna í UMSK staðfest.

**10. Umræður um skýrslu stjórnar.**

Þingforseti opnaði á umræður um skýrslu stjórnar, enginn kvaddi sér  
hljóðs. Þingforseti bar upp skýrslu stjórnar og var hún samþykkt.

**11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga.**

Þingforseti opnaði á umræður um reikninga UMSK, enginn kvaddi sér  
hljóðs, þingforseti bar upp reikninga stjórnar og voru þeir samþykktir.

**12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, ef þörf þykir, þar á meðal  
uppstillingarnefnd sem starfar á milli þinga.**

Engin þörf var fyrir skipun nefnda að þessu sinni.

**Hlé og viðurkenningar afhentar**

**Íþróttakona UMSK 2022** – Sóley Margrét Jónsdóttir kraftlyftingakona í  
Breiðabliki.

**Íþróttakarli UMSK 2022** – Höskuldur Gunnarsson knattspyrnumaður í  
Breiðabliki.

**Lið ársins 2022** - M.fl. karla í knattspyrnu í Breiðabliki

**Hvatningaverðlaun UMSK 2023**

Gerpla – Fimleikar fyrir börn með fötlun

Golfklúbbur Mosfellsbæjar – Skipulagt starf 65 ára og eldri

Dansfélagið Hvönn – Special Olympics hópur/Stjörnuhópur

Knattspyrnufélagið Miðbær -Special Olympics hópur/Stjörnuhópur –  
Hvönn

**Félagsmálaskjöldur UMSK 2023**

Pétur Ómar Ágústsson, Breiðablik.

### 13. Fjárhagsáætlun ársins 2023 lögð fram

Tillaga um fjárhagsáætlun - Frá stjórn UMSK

99. ársþing UMSK haldið 30. mars 2023, samþykkir eftirfarandi áætlun fyrir árið 2023

#### Fjárhagsáætlun UMSK 2023

<b>Tekjur:</b>	<b>Áætlun 2023</b>
Íslenskar Getraunir	2.000.000
Lottó ÍSÍ	63.000.000
Lottó UMFÍ	73.000.000
Aukagreiðsla Lotto	0
Skattar aðildarfélaga	2.200.000
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	14.000.000
Aðrir styrkir og tekjur	0
<b>Tekjur samtals</b>	<b>154.200.000</b>

#### **Gjöld:**

Lottó úthlutað til aðildarfélaga	107.000.000
Lagt í Afrekssjóð	9.300.000
	<b>116.300.000</b>

#### **Laun:**

Laun og launatengd gjöld	17.200.000
<b>Laun samtals</b>	<b>17.200.000</b>

#### **Kostnaður vegna viðburða og verkefna**

Stuðningur við íþróttaviðburði og félagsstarf	2.500.000
Framlög og styrkir til félaga	3.000.000
Lagt í þjálfarasjóð	1.500.000
Verðlaun/viðurkenningar	650.000
Annað	500.000
<b>Viðburðir samtals</b>	<b>8.150.000</b>

#### **Annar kostnaður:**

Áhöld og búnaður	350.000
Aðkeypt þjónusta	2.500.000
Bókhald, reikningagerð	700.000
Burðargjöld	50.000
Bækur, tímarit	150.000
Ferðakostnaður	850.000
Húsaleiga, annar húsnæðiskostnaður	1.450.000
Veitingar, fundakostnaður	750.000
Þing UMSK, UMFÍ og ÍSÍ	2.000.000
Ritföng, pappír, prentun	200.000
Sími og net	250.000
Leikjakerra	350.000
Tryggingar	100.000
Tölvukostnaður	1.500.000
Útgáfa / Stefnumótun	1.000.000
Fræðsla og endurmenntun	200.000
<b>Annar kostnaður samtals</b>	<b>12.400.000</b>

**Rekstrargjöld samtals** **154.050.000**

**Rekstrarafkoma án fjármagnsliða** **150.000**

Þorsteinn Þorbergsson, fór yfir fjárhagsáætlun ársins 2023. Engar stórvægilegar breytingar eru í farvatninu og tölur því svipaðar og undanfarin ár. Hann nefndi endurskipulagningu á skrifstofu UMSK. Eftir skoðanakönnun, sem gerð var á vegum sambandsins, var ákveðið að selja laserbyssur og leikjakerru sem UMSK lánaði til aðildarfélaga sinna. Þorsteinn hvatti fundarmenn til að sækja í styrki sambandsins til að styðja við starf síns félags.

Fjárhagsáætlun borin upp og samþykkt samhljóða.

#### **14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.**

Engar tillögur lagðar fram.

#### **15. Aðrar tillögur lagðar fram.**

Engar tillögur lagðar fram.

#### **16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.**

Engin nefndarstörf þar sem engar tillögur voru lagðar fram.

#### **17. Afgreiðsla á álitum nefnda.**

Engin afgreiðsla á álitum nefnda þar sem engar nefndir voru starfræktar.

#### **18. Önnur mál.**

##### **Kosning 4 manna í stjórn Afrekssjóðs og barst tillaga um eftirfarandi:**

Sólborgu Sumarrós Sigurðardóttir, Gerpla

Ellen Dröfn Björnsdóttir, DÍK

Jóhann Þór Jónsson, Breiðablik

Halldór Orri Björnsson, Stjarnan

Tillagan borin upp og hún samþykkt.

#### **19. Kosningar, kjörnefnd skilar álitum.**

Eysteinn Pétur Lárusson fulltrúi kjörbréfanefndar, las upp félögin til að staðfesta fjölda þingfulltrúa, sem hafa atkvæðisrétt, en 16 félög sendu samtals 61 þingfulltrúa.

#### **20. Kosning formanns.**

Guðmundur G. Sigurbergson gaf kost á sér áfram og þar sem ekki barst mótframboð var hann sjálfkjörinn til áframhaldandi setu til tveggja ára.

#### **21. Kosning tveggja stjórnarmanna.**

Þorsteinn Þorbergsson og Geirarður Long gáfu kost á sér og teljast þeir sjálfkjörnir þar sem ekki bárust fleiri framboð.

## **22. Kosning þriggja manna í varastjórn.**

Rakel Másdóttir, Margrét Dögg Halldórsdóttir gáfu kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og Sigurjón Sigurðsson HK sem nýr í stjórn. Þar sem að engin mót framboð bárust eru þau sjálfkjörin í stjórn.

## **23. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.**

Magnús Gíslason HK og Kristján Sveinbjörnsson Álftanesi kosnir og Margrét Björnsdóttir og Hafsteinn Pálsson til vara.

## **24. Kosning til Íþróttáþings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttáþing er haldið.**

Formaður kemur í pontu og gerir grein fyrir að UMSK á 33 fulltrúa á íþróttáþing ÍSÍ og er þar með stærsti sambandsaðili UMFÍ og ÍSÍ. Tillaga um að vísa vali á fulltrúum á íþróttáþing ÍSÍ til stjórnar UMSK og var það samþykkt.

## **25. Þingslit.**

Formaður UMSK kallaði upp fráfaramann nefndarmann Pétur Örn Magnússon, þakkaði samstarfið og veitti honum silfurmerki UMSK Formaður þakkaði fundargestum fyrir komuna og hvatti þá til þátttöku í viðburðum á vegum sambandsins. Formaður nefndi að stefnumótunarvinna UMSK verður tekin upp á haustmánuðum og að nauðsynlegt sé að fá þátttöku frá félögum við þá vinnu.

Þingforseti sleit þingi.